86 14. ágúst ar og birtingar fyrir kaupmanni L. Popp, að með því að engin heimild er í lögunum til þess að endurgjalda toll af áfengum drykkjum, sem fluttir eru út úr landinu, og þar sem engar líkur, því síður sannanir, eru fram komnar fyrir því, að varan hafi skemmzt *á leiðinni* hingað til lands, þá getur ofannefnd beiðni hans ekki orðið tekin til greina.

87 15. ágúst **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu* **um endurgreiðslu á sykurtolli.**—Þjer hafið, herra sýslumaður, með þóknanlegu brjefi dags., 5. júní þ. á., sent mjer beiðni verzlunarborgara Sigfúsar Jónssonar á Akureyri um að fá endurgoldinn toll af 507 pd. af sykri, sem hann fjekk með strandferðaskipinu Thyra 1. júní, en fóru í sjóinn og skemmdust við uppskipun, og hafið þjer látið í ljósi að sanngirni mæli með að hann fái endurgoldinu toll af 93 pd., en sykurviktin hafi rýrnað um við atvik þetta.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Sigfúsi Jónssyni, að með því að lög Nr. 10., 9. ágúst 1889 ekki veita neina heimild til að endurgjalda toll af sykri, sem innheimtur hefur verið á löglegan hátt (sjá 2. gr. sbr. 3. gr. nefndra laga), þá getur ofannefnd beiðni ekki orðið til greina tekin að neinu leyti.

88 15. ágúst **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu* **um endurgreiðslu á útflutningsgjaldi af lýsi.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 17. maí þ. á, hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer beiðni verzlunarstjóra Jakobs Gunnlaugssonar Raufarhöfn um að fá endurgreitt útflutningsgjald af 42 tunnum af lýsi, er fluttar voru út með skipinu «Gránu» frá Raufarhöfn 12. maí f. á., með því að áður hafi verið greitt útflutningsgjald af lýsi þessu, þar sem það hafi verið hluti af farmi skipsins «Christine», sem strandaði við Raufarhöfn 1888, og hefur sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu vottað, að útflutningsgjald hafi verið greitt af öllu því lýsi, sem nefnt skip hafði meðferðis.

Útaf þessu skal yður hjermeð til þóknanlegrar vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það fyrir hlutaðeiganda, að með því að útflutningsgjald ber að greiða af öllu því lýsi, sem flutt er út í skipum, sem afgreidd eru frá einhverri höfn á landinu, og með því að engin lagaheimild er til að endurborga rjettilega greitt útflutningsgjald, hvað sem um vöruna verður, eptir að skipið er afgreitt, sem hún er flutt út með, getur ofannefnd beiðni ekki orðið tekin til greina, sbr. landsh. br. 20. febr. 1885. Stjtíð. 1885, B. Nr. 19 bls. 28.

89

Ágrip

af reikningi landsbankans frá 1. apríl til 30. júní 1890.

Tekjur:	Kr.	Kr.
1. Í sjóði 1. apríl		178140,71
2. Borguð lán:		
a. Fasteignarveðslán	4323,49	
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán	1196	
Flyt:	5519,49	178140,71